


DEILISKRÁNING FORNLEIFA Á HRAUNSNEFI VERKEFNISNÚMER: 3116




Dr. Kevin Martin
Fornleifafræðingur
Sóltún 6A, Hvanneyri.
Sími: 7734748
Netfang: irisharch@gmail.com
2023

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lög um skráningu fornleifa á Íslandi	6
Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni	6
Skoðun á gagnagrunninum Sarpi.....	10
Skoðun á eldri kortum af svæðinu.....	10
Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins	13
Ráðleggingar.....	13
Heimildarskrá.....	16

*Forsíðumynd: Kort af deiliskipulaginu ásamt rannsóknarsvæði. (KM 2023)

Inngangur



Mynd 1: Staðsetning rannsóknarsvæðisins (rauður punktur) í Húsafelli, Borgarbyggð (Google Basemap)

Í september 2023 hafði landeigandi á Hraunsnefi, Jóhann Harðarson, samband við höfund og óskaði eftir fornleifamati á landi hans (Mynd 1). Fyrirhugað er að breyta Aðalskipulagi Borgarnbyggðar 2010-2020 þ.e. bæta við 40ha frístundabyggð í landi Hraunsnefs. Innan frístundasvæðis verða að hámarki 20 frístundahús. Hraunsnef er staðsett í Norðurardal. Ræktað land er ca. 25ha en jörðin er 830 ha. Aðkoma að svæðinu verður frá Þjóðvegi 1, um núverandi heimreið.

Skipulagssvæðið afmarkast úr norðri af hinni tilkomumiklu Hraunsneföxli (464m), stóru hrauni (Hrauni) í austur og bæjarstæðinu Hraunsnefi í suðri. Norðaustursvæði könnunarinnar er sérlega bratt og grýtt og kallast *Rauðihryggur*. Skipulagssvæðið er fremur bratt og grýtt með fjölda

mýrarsvæða. (Mynd 2). Miðjuhnit svæðisins eru **64.789087, -21.514963 (64°47'345"N, 21°30'898"W)**, ISN93: **380461, 478865**. Næstu friðlýstar fornleifar eru Gamla-Brekkurétt (nr. **36000601**) sem er í 1,6 km fjarlægð (frá jaðri hins helga svæðis 100m) suðvestur af viðkomandi svæði. Auk þess í 1,5 km fjarlægð suðvestur af könnunarsvæðinu er fjöldi friðaða skráðra staða (garðalag, tóft) einnig kölluð Brekkurétt (Mynd 3).

Saga svæðisins

Eftirfarandi texti gefur innsýn í sögu Hraunsnefs:

„Bærin stendur í ávölum halla, sem snýr mót suðaustri og nær allt frá Bjarnadalsá upp að þverhniptum hamrabeltum Hraunsnefsaxlar. Með fram ánni eru dálitlar vallendisfitjar, en ofar skiptast á smá mýrarsund of gróðurlítil holt. Þá taka við urðarhólar með grasbllum á milli. Ná jarðmyndanir þessar að Hvassafellstúni og hafa orðið til við geysilegt framhrun úr fjallinu fyrir ofan. Er ýmist talað um Hraunsnefs eða Hvassafellshraun. Ofan Hraunsnefsaxlar er allviðáttumikið land, allt að Fossdalsá. Landareign Hraunsnefs takmarkast að vestan af Brekkulandi, að norðan af Borgarhreppsafrétti um Fossdalsá, að austan af Hvassafellslandi, að sunnan af Bjarnardalsá gegnt Deseý, en austan Deseýarkvíslar af engjastykki Hreimsstaða. Þjóðvegur nr. 1 er rétt neðan við bæinn. Áður fyrr rann allstór kvísl úr Bjarnadalsá neðan við túnið, en var stífluð fyrir mörgum árum og fær nú framrás um svonefndan Farveg vestan við Dalsmynni. Nú er þar aðeins grunnt síki, sem þó heldur sínu forna nafni. Tún var áður lítið og snöggvaxið, en hefur verið stækkað að mun. Grasgefnar engjar eru sunnan áðurnefnds síkis, og einnig á jörðin slægnaítak á Deseý. Sumarbeitsland er gott. Árið 1708 var jörðin bændaeygn og metin á 16 hundruð. Hraunsnefs er fyrst getið í kaupmálabréfi frá 1476. Núverandi abúendir fluttust hingað 1972. Mannvirki: Íbúðarhús 1959 steyp, 320m³. Fjárhús f. 230 fjár. Hlöður 698m³. Geymsla 45m³. Tún 28ha. Áhöfn: Sauðfé 28. Hross 6. ” (Byggðir Borgarfjarðar III, 1993, p.97)



Mynd 2: Kort af fyrirhuguðu byggingasvæði í Hraunsnefs. Ytri mörk svæðisins eru sýnd með brotalínu¹. (Hildur Bjarnadóttir, arkitekt, 2019)

¹ Þess ber að geta að svæðið sem hefur verið fornleifafræðilega kannað er minna en brotalínan á þessari teikningu.



Mynd 3: Friðlýstar/Friðað fornleifar og í nágrenni Hraunsnefs (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur)

Lög um skráningu fornleifa á Íslandi

Eftirfarandi tilvitnanir eru af vefsíðu Minjastofnunar Íslands (www.minjastofnun.is). Þar kemur fram núverandi löggjöf á Íslandi er varða fornleifar (Lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allar ráðleggingar varðandi fornleifar sem fram koma fylgja þeim reglum í hvívetna. Frekari skýringar á löggjöfinni má finna í hlekknum hér að neðan.²

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.

Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa **friðuð** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa **friðuð**.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni

Fjórar fornleifarannsóknir hafa verið skráðar á svæðinu en þær innihéldu ekki Hraunsnef (Mynd 4).

- 2009 Fornleifastofnun Íslands, **(1498)** Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð.
- 2007 Sólveig Guðmundsdóttir Beck, **(1134)** Fornleifaskráning í landi Svartagils í Norðurárdal
- 1999 Bjarni F. Einarsson, **(2646)** Fornleifaskráning vegna vegaframkvæmda á Hringvegi í Norðurárdal í Mýrarsýslu
- 1999 Bjarni F. Einarsson, **(1212)** Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar um Bröttubrekku, Mýrar- og Dalasýslu



Mynd 4: Svæði sem sýna fyrri fornleifarannsóknir (1498), (1134), (2646) og (1212) á Norðurárdalur. Rauða útlínan sýnir svæðið í Hraunsnefs (3116) sem um ræðir (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur).

Skoðun á gagnagrunninum Sarpi

Höfundur skoðaði gagnagrunninn Sarp en fann engar niðurstöður sem gáfu til kynna að svæðið á Hraunsnefs hefði fornleifaskráð.

Það eru tvær gagnagrunnsfærslur í Sarpi fyrir jarðsýni.

Nr. 1998-1-358: Kalsedón 1stk, **Nr. 1998-1-542:** Síderít, 9 stk brúnar kúlur. Sagað og slípað

Á fræðasvæðinu eru skráð nokkur örnefni og má finna lista yfir þau öll sem tengjast Hraunsnefi hér að neðan. Aðeins nokkur örnefni eru staðsett innan könnunarsvæðisins og innihalda: **Efstasund**, **Rauðihryggur** og **Axlarflói**. Nafnatilvísanir koma út gagnagrunni **Sarps**. Tilvísun **Nr: 134771-1**

Ari Gíslason skráði. Upplýsingar um örnefni gaf Einar Vigfússon frá Hraunsnefi, Mánagötu 3, Reykjavík. Hann las handrit Ara 21/4 1967, og skráði Svavar Sigmundsson eftir honum athugasemdir við skrána, sem hér verða felldar inn í hana og textanum e.t.v. lítillega breytt. Einar er fæddur 1888 og bjó í 12 ár á Hraunsnefi.

*Jörð í Norðurárdal, næst utan við Hvassafell. Neðst í túninu að austanverðu við heimreiðina er sléttur blettur, sem nefndur er **Hringur** (1). Um mitt túnið rennur **Bæjarlækur** (2). Hann kemur undan hrauninu. Efst við hann, ofan túns, heitir **Stekkur** (3). Ofan við túnið liggur mýrarsund, er heitir **Efstasund** (4). Það liggur út á merki, en neðan þess, utan túns, og niður að þjóðvegi, eru holt, nefnd einu nafni **Holt** (5). Norðan við túnið, upp að Öxl, er nefnt einu nafni **Hraun** (6), óslétt og hrjóstrugt svæði, gamlar skriðuöldur. **Öxlin** (7) er fjallstindur fyrir ofan Hraunið. Í hana eru 2 skörð, **Mjóaskarð** (8) sunnar, **Breiðaskarð** (9) austar, við merkin móti Hvassafelli. **Lönguhlið** (10) liggur fyrir neðan Öxlina, frá Hvassafellsmerkjum út í Smáhraun, frá austri til suðvesturs. Ofan við túnið liggur hryggur þvert frá austri til suðurs, er heitir **Bæjarhryggur** (11). Það er hraunhryggur, og annar úr honum beint upp í Öxl er nefndur **Rauðihryggur** (12). Í kringum Stekkinn er hluti af hrauninu nefndur **Smáhraun** (13).*

*Að austanverðu, ofan þjóðveggar, er **Rauðsteinn** (14), sem stendur á fremsta hrauntanganum (E.V. þekkir ekki Rauðstein). Uppi í hrauninu eru ekki nöfn innan við bæ, nema **Sjónarhólslægur** (15), sem eru kenndar við Sjónarhólinn frá Hvassafelli, en þær voru áður fyrr taldar í landi Hvassafells. Þá er að taka það af landi jarðarinnar, sem er fyrir neðan þjóðveginn. Sléttur blettur er fyrir neðan veg og vestan við lækinn, er heitir **Pálsengi** (16), og neðanvert við það rennur **Bjarnadalsá** (17). Áfram rennur hún svo norðvestan við Desey til Norðurár. En um það bil sunnan við Hraunsnef kemur lítil kvísl sunnan að úr Norðurá og rennur þvert yfir dalinn og í Bjarnadalsá. Þessi kvísl heitir **Deseyjarkvísl** (18) og myndar Desey, er síðar getur. Í Deseyjarkvísl kemur síki frá norðaustri, er heitir **Mórauðasíki** (19). Rennur það um það bil á sama stað í Deseyjarkvísl og Bjarnadalsá. Þar myndast stykki milli síkisins og árinna, sem nefnt er **Stekkjarengi** (20). Sunnan við Mórauðasíki er svo annað stykki, er heitir **Tunguengi** (21). Oddinn á því, þar sem mætast Bjarnadalsá, Mórauðasíki og Deseyjarkvísl, heitir **Brekkuoddi** (22). Norður af Tunguengi og suður að Mórauðasíki er engjastykki, sem nefnt er **Rönkuengi** (23).*

Merkin móti Brekku eru frá því utan við Brekkunef í stóran stein sunnan til við **Nónsund** (24) uppi í Holtunum, þá í **Sesseljuvörðu** (25) á **Mosaás** (26), eða **Mosaholti** (27), er liggur að Brekká (E.V. þekkir ekki nafnið Mosaás), þá sjónhending í nyrðri barm á **Kambsgili** (28), sem er í norðvesturátt upp frá bæ, þá í miðja **Fellsklauf** (29) upp frá bæ, þá eftir **Fanná** (30). Skulu nú ekki rakin merki lengra strax, heldur farið þangað, sem frá var horfið.


Fjallið beint upp af bænum heitir **Hraunsnefsöxl** (31) eða Öxl, og í hana er Breiðaskarð á merkjum móti Hvassafelli. Breiðaskarð taldist áður til Hvassafells. Þar niður undan við fjallið eru Sjónarhólslagarnar fyrrnefndu. Bak við Öxlina eru klettastallar, er heita **Axlarstallar** (32). Fyrir neðan stallana er flói, **Axlarflói** (33), er liggur niður að Brekku. **Axlarhorn** (34) er endinn á Öxlinni að sunnanverðu. Þeir (Axlarstallarnir) eru norðan í Öxlinni og ná austur að holtum uppi á fjalli, er heita **Þverholt** (35). Eftir þeim eru merkin móti Hvassafelli. Þau ná alla leið að svonefndum **Fellum** (36). Í Fellunum er gil, er heitir **Fellsklauf** (37). Á Fellum ber hæst **Geldingafell** (38), og í hnúk á því, **Fremri-Grágæsaahnúk** (39) eru merkin móti Hvassafelli. Annar Grágæsaahnúk er í Brekkulandi. Norðan við Fellin er dalur, sem heitir **Fannárdalur** (40), og eftir honum rennur Fanná í Kiðá í Brekkulandi. Fremst í Fannárdal heita **Fannárdalsbotnar** (41), sem er mjög gott land.

Fyrir ofan Öxlina kemur **Brekká** (42) þar þvert fyrir. Vestan við hana kemur niður gil, er heitir ekkert sérstakt, en í þessu gili er foss, sem heitir **Rjúkandi** (43). Brekkurnar kringum hann eru grasi grónar og heita **Rjúkandabrekkur** (44). Þær ná frá því móts við fossinn og upp að **Stórakambi** (45), en það er nyrðri barmur á Kambsgili, sem nefndur var á merkjum. En norðan við Stórakamb er Kambsgil, er rennur í Brekká. Smágil rennur í Kambsgil, og tungan milli þeirra heitir **Kambstunga** (46) (E.V. man ekki eftir því nafni). Norður af Kambinum er nokkuð stór flói, sem heitir **Kambsflói** (47) og nær að Fellunum.

Frá Fanná er enn landsvæði, er tilheyrir Hraunsnefi. Ekki eru kunn þar nöfn. Er það svæði frekar hrjóstugt, þangað til kemur á **Fossdal** (48). Eru þar aðeins merkjaörnefni, en þau eru þessi: Eftir Fanná, svo yfir syðri endann á Fremri-Grágæsaahnúk og neðan til við tjörn, sem er vestan undir þessum hnúk. Þaðan er sjónhending í **Fossdalsá** (49). Svo ræður hún að vestan, þar til á móts við Geldingahnúk (E.V. þekkir ekki). Austurbrúnir Fossdals heita **Fossdalsbrún** (50), en Fossdalur nær fyrir allar jarðirnar, Hraunsnef, Brekku, Hvassafell og Hreðavatn. Þá teljum við lokið Hraunsnefsörnefnum.

Skoðun á eldri kortum af svæðinu

Höfundur skoðaði eldri kort af viðkomandi svæði til að sjá hvort þau sýndu vísbendingar um fornleifar. Á korti Herfingjaráðs (1905-1915) er bærinn á Hraunsnefi greinilega merktur og ekkert sýnt innan könnunarsvæðisins (merkt rautt). Könnunarsvæðið er greinilega staðsett utan bæjarsvæðisins (mynd 5). Lítil lækur er sýndur renna í gegnum könnunarsvæðið.



Mynd 5: Herfingjaráðskort (1905-1915) sýnir útlínu Hraunsnefssvæðisins. (Landmælingar Íslands).


Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins

Höfundur yfirfór Hraunsnefsrannsóknarsvæðið 25. september 2023. Allt svæðið var gengið og skoðað á einum degi í góðu veðri. Könnunin var framkvæmd með Trimble GeoExplorer 6000 Series handmæli til að skrá mögulegar fornminjar og skráningarupplýsingar fluttar inn í QGIS og lagaðar að svæðinu.

Engar minjar voru skráðar inni á rannsóknarsvæðinu (tafla 1). Ein möguleg rúst af gangamannakofa fannst 120m austur af rannsóknarsvæðinu (mynd 6).

Nr	Teg.	Hættumat, Hætta	Astand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Mótv.
1	Möguleg rúst af gangamannakofi (120m austur af rannsóknarsvæðinu)	Framkvæmdir ólíklegar	Sæmilegt	1700-1900	Mið, 5	Nei	Rannsókn

Tafla 1. Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í landi Hraunsnefs



Mynd 6: Minjar 1 sem fundust við fornleifarannsóknina staðsettar um 120m austan við rannsóknarsvæðið. (KM 2023)

Ráðleggingar

Engar minjar voru skráðar inni á rannsóknarsvæðinu. Hins vegar var ein möguleg rúst skráð 120m austur af rannsóknarsvæðinu.

Engar minjar eru í hættu vegna tilvonandi framkvæmda. Landeigendur eru meðvitaðir um þessar minjar og hefur þegar verið tilkynnt um staðsetningu þeirra. Líklega má sneiða hjá fornleifum í flestum ef ekki öllum tilfellum, en ef ekki þarf að bregðast við því. Bent er á að allar minjar eldri en 100 ára séu friðaðar og þeim fylgir friðunarsvæði 15 m frá ystu mörkum þeirra. Sjá meðfylgjandi fornleifaskrá fyrir frekari upplýsingar.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir raski á minjum í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfang og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Ef talið sé að öryggi minjanna verði ekki tryggt þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar skal eftirfarandi reglum fylgt finnist fornminjar.³

Fundur fornminja

Finnist fornminjar (forngripur eða fornleifar) sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

³ <https://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/>

Heimildarskrá

Annálar 1400-1800. 1-8. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Beck, S.G, 2007. *Fornleifaskráning í landi Svartagils í Norðurárdal* (Fornleifastofnun Íslands), FS348-0701.

Byggðir Borgarfjarðar III, Mýrasýsla og Borgarnes, 1993, Búnaðarsamband Borgarfjarðar. Ritnefnd: Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson, Þorsteinn Guðmundsson.

Einarsson, B.F, 1999a, *Fornleifaskráning vegna vegaframkvæmda á Hringvegi í Norðurárdal í Mýrarsýslu*

Einarsson, B.F, 1999b, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar um Bröttubrekku, Mýrar- og Dalasýslu*.

Hreiðarsdóttir, E.O et al., 2009. FS409-08071, *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð* (Fornleifastofnun Íslands).

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV. 1925-1927, Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla, Kaupmannahöfn.

Hraunsnef, Ari Gíslason, Svavar Sigmundsson (1967). Örnefnastofnun Íslands.

<http://www.minjastofnun.is/minjar/>

www.sarpur.is

www.nafnið.is

www.islandskort.is

www.lmi.is

<https://www.map.is/minjastofnun/>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>



Mynd 7: Útsýni yfir rannsóknarsvæðið, horft í norður í átt að Hraunsnefæxl (KM 2023)



Mynd 8: Útsýni yfir rannsóknarsvæðið, í suður í átt að Grjótá (KM 2023)



Mynd 9: Útsýni yfir rannsóknarsvæðið yfir Efstasund (KM 2023)

Aðal nr.	01
Sysla	Borgarfjarðarsýsla
Sveitarfélag	Borgarbyggð
Landareign	Hraunsnef
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	25.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 379961, N 478959
Tegund Minja	Möguleg rúst af gangamannakofi
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1700-1900
Minjagildi, Einkunn	Mið, 5
Varðveislugildi, Einkunn 2	Mið, 5
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett 120m austur af rannsóknarsvæðinu
Lýsing	U-laga rústir úr torfi og grjóti með veggjum um 9m á lengd, 3m á breidd á hvorum enda og 1m á hæð. Línulaga tóftin liggur N-S með opnu hliðinni í austur
Annað	Möguleg rúst var fannst af drónamynd sem höfundurinn tók

